

Nd.

344. Nefndarálit

nm frv. til laga um afnám laga nr. 28, 25. sept. 1902, um sildarnætnr.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Jeg gat ekki verið sammála meiri hluta nefndarinnar um afgreiðslu þessa máls, sökum þess að með afnámi umræddra laga er opnuð gátt til þess að flytja út úr landinu vinnu við viðgerð, samansetningu og litun á síldarnótum. En vinna þessi hefir verið unnin af innlendum mönnum um margra ára skeið og er vel til þess fallin að vera vetrarvinna allmargra manna, þegar lítið annað er til að starfa.

Með vaxandi síldarútvegi mun þessi vinna aukast að mun frá því sem verið hefir. Nokkrir menn hjer í landinu hafa aflað sjer sjerþekkingar á starfinu og á nndanförnum árum hafa smir þeirra gert það að atvinnu sinni. Það virðist því engin ástæða til að flytja vinnu eins og þessa til Noregs. Hún á að vera kyr í landinu og þar af leiðandi ekki rjett að nema lög úr gildi, sem styðja að því, að svo verði.

Legg jeg því til við háttv. deild, að frumv. verði felt.

Alþingi, 15. apríl 1929.

Sigurjón Á. Ólafsson.